

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Syðri-Rauðalækur, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 24. ágúst 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Syðri-Rauðalæk. Áformað er að nota hluta jarðarinnar undir allt að 15 gistiskála, 20-40 m² að stærð, til útleigu til ferðamanna.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Jarlsstaði, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. október 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Jarlsstaði. Til stendur að byggja eldishús fyrir kjúklinga sem á að geta annað allt að 60.000 fuglum og verði um 3.500 m² að stærð.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 2. nóvember 2016.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. nóvember 2016